



**25. fundur  
æskulýðsnefndar norðurljóps  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurljóps,  
miðvikudaginn 15. desember 2010 og hófst hann kl. 15:30**

**Fundinn sátu:**

Hjálmar Bogi Hafliðason, Birna Björnsdóttir, Hafsteinn H Gunnarsson, Ingólfur Freysson, Sigríður Valdimarsdóttir, Jóhann Rúnar Pálsson,

**Fundargerð ritaði:** Jóhann Rúnar Pálsson, Æskulýðsfulltrúi

**Dagskrá:**

- 1. 201009063 - Hugmyndir að byggingu gervigrasvallar á Húsavík.**  
Æskulýðsnefnd þakkar fyrir góða greinargerð frá knattspyrnuráði og þjálfurum Völsungs. Nefndin tekur undir áhyggjur þær er fram koma í greinargerðinni. Gervigrasvöllur á Húsavík er eitt af forgangsverkefnum sveitarfélagsins í uppbyggingu íþróttamannvirkja.
- 2. 201012046 - Björgunarsveitin Núpar, umsókn um styrk**  
Æskulýðsnefnd samþykkir styrk að upphæð 50.000 krónur.
- 3. 201012037 - Skákkfélagið Goðinn, umsókn um styrk**  
Æskulýðsnefnd tekur jákvætt í erindið og vísar málinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2011. Æskulýðsnefnd lýsir áhuga sínum fyrir eflingu skákkennslu í sveitarfélaginu.
- 4. 201012024 - Vinnumálastofnun, ósk um gjaldfrjáls afnot af íþróttamannvirkjum fyrir atvinnuleitendur**  
Æskulýðsnefnd hafnar erindinu. Þar sem Vinnumálastofnun er opinber stofnun bendir Æskulýðsnefnd á þann möguleika að stofnunin geti samið um afsláttarkjör fyrir atvinnuleitendur.
- 5. 201012023 - Unnar Þór Garðarsson, umsókn um styrk vegna námskeiðs**  
Æskulýðsnefnd samþykkir að styrkja Unnar Þór Garðarsson um 50.000 krónur.
- 6. 201012014 - Boð á Álaborgarleikana 2011**  
Æskulýðsnefnd tekur jákvætt í erindið. Nefndin vísar erindinu beint til sveitarstjórnar til ákvörðunar.



**7. 201011083 - Samanhópurinn, ályktun vegna skemmtana fyrir unglunga undir lögaldr**

Lagt fram til kynningar. Málið rætt og fjallað um ábyrgð foreldra og mikilvægi samveru þeirra með börnum sínum.

**8. 201011049 - Snorraverkefnið, umsókn um styrk**

Æskulýðsnefnd synjar erindinu að þessu sinni.

**9. 201011018 - Umhverfisstofnun vekur athygli á nýrri reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum**

Æskulýðsfulltrúa falið að endurskoða verklagsreglur með tilliti til nýrrar reglugerðar um sundstaði. Æskulýðsnefnd felur æskulýðsfulltrúa að kynna nýja reglugerð fyrir fræðslu- og menningarnefnd.

**10. 201010096 - Ungmennaráð Norðurljóps - erindisbréf**

Æskulýðsnefnd leggur erindisbréf ungmennaráðs óbreytt fyrir sveitarstjórn og vísar í kostnaðaráætlun æskulýðsfulltrúa. Rétt er að benda á að fulltrúar koma úr grunnskólum sveitarfélagsins, Framhaldsskólanum á Húsavík og einn utan skóla.

**11. 201010030 - Arnhildur Pálmadóttir og Sigríður Hauksdóttir - umsókn um styrk í lista og -menningarsjóð. Hugmyndasmiðja veturinn 2010-2011**

Æskulýðsnefnd fagnar þessu framtaki og frumkvæði aðstandenda Hugmyndasmiðjuna. Nefndin hvetur Hugmyndasmiðjuna til að útfæra hugmyndina víðar í sveitarfélaginu. Æskulýðsnefnd samþykkir styrk upp á 100.000 krónur.

**12. 200909078 - Kynning Æskulýðsfulltrúa**

Æskulýðsfulltrúi fór yfir starfssvið sitt og helstu verkefni ársins.

Æskulýðsnefnd óskar bókað: Æskulýðsnefnd kann æskulýðsfulltrúa bestu þakkir fyrir metnaðarfullt og óeigingjarnt starf í þágu sveitarfélagsins.

**13. 201012049 - Frístundakort**

Æskulýðsfulltrúa falið að útfæra hugmyndina og gera kostnaðaráætlun vegna frístundakorts barna og unglunga.

**14. 201012066 - Skotfélag Húsavíkur, ósk um styrk vegna tækja kaupa**

Æskulýðsnefnd tekur jákvætt í erindið. Vegna styrks á árinu 2010 er erindinu vísað til Byggðaráðs en styrkveiting 2011 vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2011.

**15. 201010097 - Fjárhagsáætlun Æskulýðsnefndar**

Æskulýðsnefnd fór yfir fjárhagsáætlun 2011 og óskar eftir því við

25. fundur æskulýðsnefndar norðurlands  
16. desember 2010



Byggðaráð að fjárhagsrammi málaflokks íþróttá- og æskulýðsmála verði hækkaður úr 125 milljónum í 138 milljónir. Vísað er í greinargerð æskulýðsfulltrúa vegna þessa.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00**